

# Ábendingar vegna “Velferðar til framtíðar, megináherslur 20010 - 2013”

## Inngangur

Á nýafstöðnu VI. Umhverfispingi var áberandi umræða um þátt almennings í sjálfbærri þróun og hlutverki fólks í að koma á sjálfbæru samfélagi. Vísað var ítrekað í mikilvægi þess að styðja sérstaklega þátt einstaklinga og samfélagsins við að taka þátt í því ætlunarverki að koma á sjálfbæru samfélagi hér á landi. Er hér vísað til grunnstoðar sjálfbærrar þróunar sem er samfélagsstoðin. Því er spurt, *gerir fyrirbyggjandi stefnumörkun ráð fyrir aðgerðum og framtíðarsýn sem mun virkja slíkt starf?* Tekið er dæmi úr umræðunni af þinginu.

Starfandi var málstofa ungmenna á þinginu og var athyglisvert að heyra þar skoðanir og upplifun sem stangaðist á margan hátt við margt af því sem sagt var að öðru leyti á þinginu. Fullyrt var af sérfræðingum og fulltrúm stofnanna og félaga að staða sjálfbærrar þróunar gagnvart ungu fólki væri að mörgu leyti góð. Skólar væru virkir í grænfána verkefni, að hátt hlutfall flokkað sorps í skólum væri til fyrirmyndar og að sú vinna sem unnin hefði í tengslum við sjálfbæra þróun ætti að nýtast þeim sem erfa skyldu landið. Sjóarmið unga fólksins voru að ungt fólk hefði almennt ekki áhuga á umhverfismálum, að þau skorti verulega fræðslu á eigin forsendum og að það skorti vettvang til að taka þátt í umræðunni eða eins og þau sögðu; “láta í sér heyra”. Undirritaður upplifði að umræðan gekk ekki upp, upplifun þessarar tveggja hópa náði ekki saman. Hér þarf að skoða betur það misræmi sem hugsanlega er að finna í framlagðri stefnumörkun og þeim veruleika sem ekki bara ungt fólk býr við heldur fólk á Íslandi almennt. Að öðrum kosti mun þessi stefnumörkun ekki ná fötfestu í umræðunni og fá þann stuðning sem er nauðsynlegur til að ná árangri. Fjalla ábendingar hér nánar um það sem mætti skoða betur.

## Ábendingar

- **Menntun er ekki bara skóli.** Í kaflanum menntun til sjálfbærrar þróunar (s 5) eru leiðir stjórnvalda til stefnumörkunar og aðgerða sagðar liggja í gegnum skólakerfið. Hér mætti skilja að þetta væri eina leiðin. Það er ekki rétt og bent á að um er að ræða fleiri leiðir eru m.a. til staðar í gildandi lögum. Í Æskulýðslögum nr 70 frá 2007 er kveðið á um að: “Sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi.” Til þessarar ungmennaráða leitaði Umhverfisráðherra fyrir VI umhverfispingi eftir þátttöku og skoðunum og ákvað í kjölfarið að stofna umhverfisráð ungmenna. Samrýmist það því sem kemur fram í drögum að “Velferð til framtíðar” þar sem segir: “Leggja skal grundvöll að því að börn og unglingar verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun”. Ekkert er komið að menntun á öðrum aldurshópum en þar er mikið verk óunnið. Því þarf að fjalla heildstætt þegar fjallað er um menntun til sjálfbærrar þróunar. Verður ekki nánar farið yfir það sem lagfæra má í þessum kafla en óhætt að fullyrða að hann má bæta verulega með heildstæðari umfjöllun og þeim aragrúa leiða sem stjórnvöld hafa á hendi sinni.
- **Hvar er samfélagslega stoðin?** Almennt er þessi stefna gagnrýnd fyrir að taka nánast ekkert á samfélagslega þættinum. Niðurstöður rannsókna í félagsvísinda segja okkur að ekki er hægt að kalla fram raunverulegar breytingar nema að fólkið sem byggir upp samfélagið standi á bak við þær. Sú leið sem valin var til að fjalla um eina af þremur grunnstoðum sjálfbærrar þróunar er ekki fullnægjandi og tekst ekki á heildstæðan hátt við verkefnið. Menntun til sjálfbærrar þróunar er í sjálfu sér ágætt verkefni en einungis lítill þáttur sem fellur undir samfélagsstoðina sem einn þáttur af mörgum. Í raun er stoðin svo veik inni að í raun þyrfti að endurskoða allt plaggið. Ein nálgun gæti falið í sér samþættingu slíkra sjónarmiða, önnur að 1/3 umfjöllunar snúist um hana kaflaskipt. Grunnpunkturinn hér er að hér þarf

grundvallarendurskoðun að eiga sér stað.

- **Byrjum þar sem fólkið er statt.** Ef umræðan á þinginu er skoðuð þá var kallað eftir meiri umræðu, möguleikum til þátttöku og árangursríkari fræðslu/menntunar. Þetta þýðir að við þurfum að vita hver umræðan er meðal almennings í dag, hver vitund almennings er á sjálfbærri þróun og hvernig menntun á sviði sjálfbærrar þróunar mun skila árangri. Því hlýtur það að vera fyrsta verkefni ráðuneytisins að spyrja fólk á öllum aldri um þessi atriði og birta á aðgengilegum stað og kynna með virkum hætti. Ef niðurstaðan er sú t.d. að ungt fólk hafi ekki áhuga á umhverfismálum og ræði þau ekki þá er ástæða til að fara lengra með það og byrja umræðuna þar sem umræða ungs fólks er stödd? Það er ekki hægt að ætlast til þess að umræða meðal sérfræðinga í umhverfismálum sé á sama stað og meðal ungmenna í Versló t.d. Stórir samráðsfundir, rýnihópar omfl hlýtur að vera fyrsta skref
- **Skortur á þekkingu.** Spyrja má að því hvort að of þröngt sjónarhorn fræða sé beitt frá hendi ráðuneytisins. Sjálfbær þróun er ekki bara þverpólitískt verkefni heldur líka þverfaglegt verkefni. Dæmi um þekkingu sem færa mætti inni þessa stefnu eru Borgarfræði, þ.e. hvernig þéttbýlissvæði eru að ná árangri með skipulögðum hætti á grundvelli þverfaglegrar þekkingar. Skortur á samþættri sýn skipulagsfræða, félagsvísinda ofl er áberandi í stefnumörkuninni. Mikilvægi þéttbýlissvæða fer vaxandi með tilliti til umhverfismála. Almennt bjuggu 50% mannkyns í þéttbýli árið 2007 og spár gera ráð fyrir að 75% mannkyns búi á þéttbýlissvæðum árið 2050 (Eru Íslendingar ekki eftirbátar hvað þetta varðar). Því fleygir fram þróun varðandi sjálfbæra þróun borga og bæja víða um heiminn. Ekki verður fjallað meira um þetta svið hér en bent á Vancouver sem borg sem er að ná frábærum árangri á þessu sviði og þar liggur til grundvallar samstarf með íbúum þar, þ.e. samfélagslega stöðin er tekin alvarlega. Sjá má fjölda myndbanda á heimasíðu borgarinnar um þetta og er vísað t.d. Í eina umfjöllun hér:

<http://vancouver.ca/Greaterdot/video/TSR-06-SustainDev.wmv> Umfjöllun um þessi mál skortir að mestu í stefnumörkuninni. Hér er mikið sóknarfæri.

Tilfinning undirritaðs er annars sú að raungreinanálgunin er ráðandi á meðan að t.d. Félagsvísindanálgunina skorti meira og minna. Rímar þetta við þá litlu og takmörkuðu umfjöllun sem samfélagsstöðin fær.

- **Sjálfbærni er velferð.** Til að varpa fram jákvæðri ábendingu í lokin þá er rétt að taka fram að fyrirsögnin er til fyrirmyndar. Með því að tengja sjálfbærni við velferð þá tryggjum við betur að hagsmunir okkar manna, lífríkis og umhverfis fari saman. Finna þarf svo betri tengingu sjálfbærni við aðra þætti eins og atvinnu, verðmætasköpun omfl. Ráðherra er á réttri leið með opnari vinnubrögðum og víðari nálgun. Þannig skapast hlutdeild og traust. Verður sú nálgun vonandi til þess að ráðuneytið, sérfræðingar, hugsjónafólk og aðrir áhugasamir fylgi í þau fótspor og geri þessa þróun að velferðarmáli í verki!

*Óskar Dýrmondur Ólafsson*  
Framkvæmdastjóri

Kt. 2007665399